

Hann hafði ákveðið að taka sér nýtt nafn, þegar hann færi til Vesturheims, en fata og tösku kaupin höfðu þeytt hann svo hann þurfti að fá sér hressingu, og þegar hann kom á skrifstofuna var hann ekki fær um að telja peningana sjálfur, svo skrifarinn varð að hjálpa honum að telja borgunina fyrir farseðilinn. Þegar svo skrifarinn spurði um nafn hans, svaraði hann í hugsunarleysi: *Desrolles*; en áttaði sig strax og sagði: "Eg bið afsökunar", sagði hann geispandi; "Desrolles er nafn vinar mins. Mitt nafn er Mowbray, kapteinn Mowbray, borgari Bandaríkjanna. Nýlega lokið við hringferð um Evrópu. Amerískur; en mjög glaður hér í París. Mikið breyttur síðan eg var hér síðast á ferð fyrir 20 árum. Ekki breyzt til hins betra".

"Ó, svo þér heitið ekki Desrolles, þér heitið Mowbray?" sagði skrifarinn og leit grunsamlega á hann.

"Já, Mowbray, M-o-w-b-r-a-y", svaraði Desrolles.

Frá skrifstofunni fór hann til Caeé de la Rotonde og fékk sér þar *absinth*. Sofnaði svo í ofnkjóknnum góða stund, og var skárri þegar hann vaknaði.

Þaðan fór hann að finna kunningja sinn og fékk sér ásanit honum góðan dagverð; að því búnu fóru þeir að leika knattleik á borði og drekka, og var Desrolles orðinn þrætukær og fullur, þegar nóttin var byrjuð.

Það var tvent, sem Desrolles vissi ekki: Fyrst, að þessi nýji vinur hans var einn af mestu hrekkjalimum Parísar, sem lögreglan hafði aldrei augun af, og hitt, að á hælum hans var enskur spæjari, sem vissi alt um þessa fyrirhuguðu ferð hans.

Litlu fyrir miðnætti tór Desrolles heim, og kom að opnum utidyrum hússins, svo hann þurfti ekki að nota lykil sinn, enda var honum það hentugra.

Hann staulaðist upp stigann ranchandi og komst